



Borgarráð

Reykjavík, 25. mars 2025

MSS25030073

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um borgarstefnu

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða umsögn Reykjavíkurborgar, dags. 21. mars 2025, um tillögu til þingsályktunar um borgarstefnu, 158. mál, frá nefnda- og greiningasviði Alþingis.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Umsögn Reykjavíkurborgar um borgarstefnu, dags. 21. mars 2025.

Umsögn um drög að borgarstefnu, dags. 2. apríl 2024.



Viðtakandi: Alþingi - nefndasvið

Sendandi: Reykjavíkurborg

Reykjavík, 21. mars 2025

MSS25030073

UMSÖGN

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um borgarstefnu

Reykjavíkurborg hefur fengið til umsagnar frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um borgarstefnu, 158. mál.

Líkt og fram kom í umsögn Reykjavíkurborgar dags. 2. apríl 2024 um drög að tillögu til þingsályktunar um borgarstefnu að þá fagnar Reykjavíkurborg framkomnum drögum að borgarstefnu og telur slíka stefnu löngu tímabæra. Með borgarstefnu er leitast við að skýra hlutverk Reykjavíkur sem höfuðborgar. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að það er óumdeilt að Reykjavík er miðstöð viðskipta, stjórnsýslu, menntunar og menningar í landinu. Í því felst að þar er aðsetur æðstu stjórnar lýðveldisins, Alþingis, Stjórnarráðsins og Hæstaréttar. Jafnframt segir að í Reykjavík er hornsteinn heilbrigðiskerfisins, helstu menningarstofnanir ríkisins og öflugir háskólar. Þá er bent á að sem höfuðborg og fjölmennasta sveitarfélag landsins er Reykjavík leiðandi afl þegar kemur að því að takast á við sameiginleg verkefni á landsvísu.

Meginmarkmið borgarstefnunnar er að stuðla að þróun og eflingu tveggja borgarsvæða á Íslandi, annars vegar með því að styrkja höfuðborgina Reykjavík, höfuðborgarsvæðið og hið virka svæði þess og hins vegar að skilgreina Akureyri sem svæðisborg. Með því verði höfuðborgin viðurkennd sem leiðandi afl og mikilvægi hennar í byggðastefnu stjórnvalda skýrt.

Tekið er undir þá framtíðarsýn sem teiknuð er upp í tillögunni að ríki og borg standi saman að því að efla höfuðborgina og lyfta henni í alþjóðlegri samkeppni borga sem laðar að sér öflugra fjárfestingu og eftirsóttan mannauð. Við ákvarðanir um skipulag og uppbyggingu innviða verði horft á höfuðborgarsvæðið og borgarsvæðið allt sem eina heild þegar kemur að atvinnusókn, búsetu og samgöngum innan þess.

Eins og sagði í fyrri umsögn Reykjavíkurborgar leggur stefnan línur varðandi þróun byggðar á svæðum þar sem 90% landsmanna hefur búsetu í samfelldu borgarsvæði þar sem fólk sækir vinnu og þjónustu langt út fyrir sveitafélagamörk. Íbúar þessara svæða hafa sameiginlegar áskoranir og sameiginleg tækifæri sem þau þurfa að nálgast með heildstæðum hætti í góðri samvinnu við stjórnvöld. Mikilvægt er að hugsa um þróun borgarsvæðanna þannig að ákvarðanir séu teknar út frá langtímasýn og heildarhagsmunum. Dæmi um ofangreint getur verið þróun stærri samgönguinnviða (sbr. hafna), atvinnusvæða fyrir rýmisfreka starfsemi, húsnæðisáætlun, loftslagsmál og endurheimt vistkerfa. Þessi tvö borgarsvæði eru í alþjóðlegri samkeppni um hæfileikaríkt fólk, ferðamenn og fjármagn og mikilvægt að stjórnvöld séu meðvituð um þessa samkeppni og miði aðgerðir sínar við að efla samkeppnishæfnina með það lokamarkmið að auka hér lífsgæði íbúa. Þegar samkeppnislistar milli borga eru rýndir er ljóst að suð-



Reykjavík



vesturhornið er á margan hátt á meðal fremstu svæða í heimi. Það er helst varðandi sjálfbærar samgöngur sem svæðið stendur samanburðarsvæðum að baki. Það er því mikilvægt að bættar almenningssamgöngur innan svæðis og milli kjarna hafi þann sess sem lagt er upp með í samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðis.

Stefnan er upphafskafli að nýrri nálgun varðandi þróun byggðar á Íslandi þar sem hugtakið borgarsvæði er nýtt til þess að bera saman lífsgæði og umgjörð íbúa í alþjóðlegum samanburði. Það er framfararskref og mikilvægt að þessi vinna haldi áfram í sem víðustu samráði svo að þau tækifæri sem hún býður upp á nýtist sem best. Með hliðsjón af framangreindu fagnar Reykjavíkurborg framkomnum drögum að borgarstefnu.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari



Reykjavík, 2. apríl 2024

MSS24020025

Borgarráð

Umsögn um drög að borgarstefnu

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða umsögn Reykjavíkurborgar um tillögu til þingsályktunar um drög að borgarstefnu, dags. 2. apríl 2024.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um drög að borgarstefnu, dags. 2. apríl 2024.



Reykjavík



Reykjavík, 2. apríl 2024

MSS24020025

UMSÖGN

Viðtakandi: Innviðaráðuneytið

Sendandi: Reykjavíkurborg

Umsögn um drög að borgarstefnu

Í samráðsgátt stjórnvalda eru til umsagnar drög að tillögu til þingsályktunar um borgarstefnu, mál nr. 32/2024. Reykjavíkurborg fagnar framkomnum drögum að borgarstefnu. Stefnan leggur línur varðandi þróun byggðar á svæðum þar sem 90% landsmanna hefur búsetu í samfelldu borgarsvæði þar sem fólk sækir vinnu og þjónustu langt út fyrir sveitafélagamörk. Íbúar þessara svæða hafa sameiginlegar áskoranir og sameiginleg tækifæri sem þau þurfa að nálgast með heildstæðum hætti í góðri samvinnu við stjórnvöld.

Það er mikilvægt að hugsa um þróun borgarsvæðanna þannig að ákvarðanir séu teknar út frá langtímasýn og heildarhagsmunum. Dæmi um ofangreint getur verið þróun stærrri samgönguinnviða (sbr. hafna), atvinnusvæða fyrir rýmisfreka starfsemi, húsnæðisáætlun, loftslagsmál og endurheimt vistkerfa.

Þessi tvö borgarsvæði eru í alþjóðlegri samkeppni um hæfileikaríkt fólk, ferðamenn og fjármagn og mikilvægt að stjórnvöld séu meðvituð um þessa samkeppni og miði aðgerðir sínar við að efla samkeppnishæfnina með það lokamarkmið að auka hér lífsgæði íbúa. Í því samhengi má nefna að það er ekki til atvinnuþróunarfélag sem þjónustar höfuðborgarsvæðið en sambærileg félög í höfuðborgum Skandinavíu þjónusta svæði með tugi sveitafélaga.

Þegar samkeppnislistar milli borga eru rýndir er ljóst að suð-vesturhornið er á margan hátt á meðal fremstu svæða í heimi. Það er helst varðandi sjálfbærar samgöngur sem svæðið stendur samanburðarsvæðum að baki. Það er því mikilvægt að bættar almenningssamgöngur innan svæðis og milli kjarna hafi þann sess sem lagt er upp með í samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðis.

Stefnan er upphafskafli að nýrri nálgun varðandi þróun byggðar á Íslandi þar sem hugtakið borgarsvæði er nýtt til þess að bera saman lífsgæði og umgjörð íbúa í alþjóðlegum samanburði. Það er framfararskref og mikilvægt að þessi vinna haldi áfram í sem víðustu samráði svo að þau tækifæri sem hún býður upp á nýtist sem best. Með hliðsjón af framangreindu fagnar Reykjavíkurborg framkomnum drögum að borgarstefnu.



Reykjavík



Þorsteinn Gunnarsson
Borgaritari

Óli Örn Eiríksson
Teymisstjóri atvinnu- og borgarþróunar



Reykjavík